

**Ed. 278. Frumvarp til laga [27. mál]**

um breyting á lögum nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. febr.).

**1. gr.**

5. gr. laganna orðist svo:

Nú telur ríkisstjórnin þörf á fleiri tunnuverksmiðjum en þeim, sem um getur í 1. gr., og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja tvær verksmiðjur til viðbótar, aðra á Suðvesturlandi og hina á Austur- eða Norðurlandi.

**2. gr.**

Fyrir orðin „allt að 5 milljónum króna“ í 6. gr. laganna komi: allt að 12 milljónum króna.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.